

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 143/543*  
*komudagur 5.12.2013*



Nefndasvið Alþingis

Reykjavík, 5. 12. 2013.

**Efni:** Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (afleiðuviðskipti o. fl.), 204. mál.

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 90/2003 um tekjuskatt, 204. mál. Sá hluti frumvarpsins sem snýr að fyrirtækinu er 2. gr. þess varðandi undanþágu verkefna vegna reksturs vatnsveitu og/eða fráveitu frá tekjuskattsskyldu.

Orkuveita Reykjavíkur fagnar frumvarpinu og leggur áherslu á mikilvægi þess að ákvæði 2. gr. verði að lögum, þar sem ekki á að skipta máli í hvaða félagsformi vatns- og fráveita eða önnur lögbundin verkefni sveitarfélaga eru rekin varðandi skattskyldu. Ábyrgð viðkomandi sveitarfélags á framkvæmd verkefnanna er ávallt fyrir hendi og gagnvart þiggjendum þjónustunnar ætti ekki að skipta máli í hvaða formi þjónustan er rekin.

Rétt er að leggja áherslu á að bókhaldslega hefur rekstur vatnsveitu og fráveitu verið algerlega aðskilin frá rekstri annarra veitna hjá Orkuveitu Reykjavíkur og frá og með næstu áramótum er gert ráð fyrir að reksturinn verði í sérstöku félagi. Því er ekki hætt á að tekjur af rekstri hinna lögbundnu verkefna séu nýttar til annars reksturs.

Virðingarfyllst,

Elín Smáradóttir